

Vegagerðin

Strandavegur um Veiðileysuháls

Greinargerð um ofanflóð

Höskuldur Búi Jónsson – Jarðefni

11. september 2020



Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
2	Skráð ofanflóð.....	3
2.1	Kúvíkurkleif 9.7.1967	3
2.2	Veiðileysuháls 27.8.1988	4
2.3	Steinahlíð 20.1.2006	4
3	Áhrif ofanflóða.....	5
3.1	Kafli 1.....	5
3.2	Kafli 2.....	5
3.3	Kafli 3.....	6
3.4	Kafli 4.....	7
3.5	Kafli 5.....	8
3.6	Kafli 6.....	9
4	Niðurstaða	9
5	Heimildir.....	10
6	Viðaukar	11
6.1	Teikning veglína.....	12
6.2	Úrklippur fréttu af skriðuföllum	13

1 INNGANGUR

Hér er umfjöllun um ofanflóð vegna lagningu Strandavegar (643) um Veiðileysuháls og er rannsóknasvæðið frá Kráká í suðri (í Veiðileysufirði) að Kjósará í Norðri (í Reykjarfirði).

Ofanflóð taka til hvers konar flóða er falla úr hlíðum. Í skráningu Veðurstofu Íslands eru ofanflóð flokkuð í nokkrar tegundir og þær helstu eru: snjóflóð, krapaflóð, kófhlaup, vatnsflóð, aurskriður, grjóthrun og berghlaup.

Farið var yfir gögn úr sameiginlegum gagnagrunni Veðurstofu Íslands (VÍ) og Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) um ofanflóð á svæðinu (Veðurstofa Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands 2019). Auk ofangreindra skráðra ofanflóða var farið í vettvangsferð og skoðuð ummerki ofanflóða á loftmyndum. Reynt er að gera samanburð á áhrifum ofanflóða við núverandi veg og hannaðri veglínu 708, en fylgt er hækkandi stöðvakerfi úr Veiðileysufirði og yfir í Reykjarfjörð (sjá teikningu í Viðauka).

2 SKRÁÐ OFANFLÓÐ

Töluverður fjöldi ofanflóða eru í gagnagrunni VÍ og NÍ í grennd við rannsóknasvæðið, þá mest í Veiðileysufirði og Reykjarfirði. Þau ofanflóð hafa langflest orðið í Veiðileysukleif, úr Reykjarfjarðarhlíð og úr Kjörvogshlíð, s.s. utan rannsóknasvæðis. Þess ber að geta að ekki er víst að öll ofanflóð rati í heimildir, sérstaklega ekki þau ofanflóð sem hafa fallið fjarri alfaraleið eins og þessi heiði var, áður en vegasambandi var komið á.

Núverandi vegur yfir Veiðileysuháls var lagður árið 1965 og eftir það hafa skráningar ofanflóða orðið tíðari á rannsóknasvæðinu. Heimildir eru þó aðeins um þrjá ofanflóðaátburði nálægt núverandi veglínu, tvær skriður og eitt snjóflóð sem flokkað er sem flekaflóð (Tafla 2.1). Ekki er hægt að staðfesta nákvæmlega hvar skriðurnar féllu, en hægt að leiða líkum að því út frá lýsingum. Aðeins eitt lítilsháttar snjóflóð er skráð á rannsóknasvæðinu, en það getur verið annars vegar vegna þess að vegurinn er yfirleitt lokaður þegar mest er af snjó á svæðinu og hins vegar vegna þess að fjöllin eru almennt lág og snúa þannig við snjósöfnun að það þurfi mjög óvenjulegt veður til að snjóflóð falli.

Tafla 2.1. Ofanflóð á rannsóknasvæðinu (Veðurstofa Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands 2019).

Staður	Dagsetning	Tegund	Lýsing/tjón	Áhrif á veglínu
Kúvíkurkleif	9.7.1967	Skriða	Tjón á vegi	Núverandi
Veiðileysuháls	27.8.1988	Skriður	Tjón á vegi	Núverandi
Steinahlíð	20.1.2006	Flekaflóð	Bill festist, ekki tjón	Núverandi

2.1 Kúvíkurkleif 9.7.1967

Samkvæmt heimildum féllu tvær skriður í Árneshreppi þennan dag. Önnur á veginn við Veiðileysukleif (sem er utan rannsóknasvæðis) og hin við Kúvíkurkleif (Visir 1967 – sjá úrklippu í viðauka). Ekki hefur tekist að finna örnefnið Kúvíkurkleif, en talið líklegt að þarna sé um að ræða þann kafla núverandi vegar þar sem farið er fyrir neðan svokallaðan Langahjalla (stöð 6300-7000

við núverandi veg). En svæðið neðan við Langahjalla hefur kallast Kleifar. Þegar þessi skriða féll var núverandi vegur nýlagður (hann var kláraður árið 1965) og því líklegt að vegagerð undir hlíðum Langahjalla hafi valdið óstöðugleika og skriða fallið í þessum vatnavöxtum. Einnig er mögulegt að þarna hafi vatnavextir borið aur upp á þá nýlagðan veg yfir Kleifar (stöð 7185 við núverandi veg).

Líklegt er því talið að endurtekning á slíkri stórrigningu myndi ekki hafa áhrif á veglínu 708, þar sem sú veglína verður fjarri Langahjalla.

2.2 Veidileysuháls 27.8.1988

Samkvæmt heimildum féllu skriður víða á landinu í þessu veðri og hefur það verið kallað Ólafsfjarðarveðrið vegna þeirra skriða sem féllu þar. Á Ströndum féllu skriður víða, en einnig voru skemmdir á vegum vegna úrrennslis og stíflun ræsa.

Á rannsóknasvæðinu segja heimildir (Tíminn 1988 – sjá úrklippur í viðauka) m.a.: „... 10 km kafli úr botni Veidileysufjarðar yfir í Djúpuvík, þar sem helstu vegaskemmdir voru vegna úrrennslis, auk þess sem þrjú ræsi eru ónýtt og tvær til þrjár skriður féllu á veginn.“

Önnur heimild (Morgunblaðið 1988– sjá úrklippur í viðauka) segir: „Þó hefðu margar skriður fallið á Strandaveg yfir Veidileysuháls“.

Hér geta þessar skriður hafa fallið hvar sem er á rannsóknasvæðinu við núverandi veg, en óljóst hvar nákvæmlega. Samkvæmt samtali við fyrrverandi yfirverkstjóra Vegagerðarinnar á Hólmanvík, þá þykir honum líklegt að þarna hafi mest runnið úr vegum vegna mjórra ræsa og lítilla hliðarrása. Það er þá helst að litlar skriðuspýjur hafi fallið úr Langahjalla, þ.e. við stöð 6300-7000 við núverandi veg (Jón Hörður Elíasson 2020). Einnig verður að teljast líklegt að vatnavextir hafi valdið skemmdum á veginn við Djúpuvík, en þar fer vegurinn yfir Djúpuvíkurá sem getur vaxið nokkuð.

2.3 Steinhlið 20.1.2006

Ein frétt er til af snjóflóði sem tengist veginum yfir Veidileysuháls, en þar er frétt um að starfsmaður Vegagerðarinnar hafi sloppið naumlega undan snjóflóði (Fréttablaðið 2006 – sjá úrklippur í viðauka).

Ég heyrði í Halldóri Jónssyni (2020) og hann sagði að þetta hefði ekki verið neitt af ráði. Vegagerðin hafi verið að moka leiðina yfir Veidileysuháls og þá rann til fleki þegar veghefillinn fór í gegnum skaflinn. Halldór var á bílnum á eftir vegheflinum og stökk út þegar hann sá hreyfingu. Hann sagði að þetta var ekki meira en svo að hann gat bakkað út úr flóðinu þegar það stöðvaðist.

3 ÁHRIF OFANFLÓÐA

Möguleg áhrif ofanflóða á fyrirhugaðar veglínur er háð landslagi, en landslag á svæðinu er frekar fjölbreytt. Til að auðvelda samanburð á rannsóknasvæðinu, þá er núverandi vegi og veglínu skipt upp í sex kafla. Kaflarnir sýna mjög sambærilega lengd, þó þeir séu eitthvað mismunandi. Gert var huglægt mat á áhrifum ofanflóða á mismunandi köflum núverandi vegs og veglínu 708, þ.e. lítil, meðal eða mikil áhrif.

Þegar meta á hugsanleg áhrif vegna ofanflóða, verður auk þess að taka tillit til vatnsflóða í ám á svæðinu. Allar þær ár á rannsóknasvæðinu, sem núverandi vegur fer yfir, fer veglína 708 einnig yfir. Því er ekki talinn vera teljandi munur á áhrifum ofanflóða vegna vatnavaxta í ám, hvort farið er eftir núverandi vegi eða veglínu 708.

Mesti munur á núverandi vegi og veglínu 708, er að hin nýja veglína er yfirleitt fjær hlíðum fjalla heldur en gamla veglínan og því má ætla að ofanflóðahættan sé almennt minni við veglínu 708.

3.1 Kafli 1

Núverandi vegur: stöð 0-2700

Núverandi vegur liggur um frekar flatt land til að byrja með, fer yfir farveg Krakár í stöð um 600, en síðan byrjar vegurinn að klifra upp hlíðar Veiðileysuháls. Milli stöðva um 1900-2500 er vegurinn upp að Steinhlíð, en þar eru möguleikar á lítilsháttar grjóthruni, sem og smáspýjum í vatnavöxtum. Þar féll auk þess lítið flekaflóð árið 2006 (Halldór Jónsson 2020). Huglægt mat er að hér séu **meðal** áhrif af ofanflóðum.



Mynd 3.1: Horft eftir núverandi vegi í átt að Steinhlíð sem er fyrir miðju. Bæjará sést hægra megin á mynd. Mynd HBJ.

Veglína 708: stöð 0-2100

Veglína 708 liggur til að byrja með svipuð og núverandi vegur á tiltölulegu flötu landi, en fer í meiri aflíðandi halla og fjær hlíðum upp hallan ofan við Veiðileysu. Veglínan er líklega ekki alveg laus við ofanflóðahættu, en huglægt mat er að hér séu **lítil** áhrif af ofanflóðum.

3.2 Kafli 2

Núverandi vegur: stöð 2700-4600

Á þessum kafla virðist ofanflóðahætta vera lítil. Þó er greinilegt að hér vaxa lækir töluvert í vatnavöxtum eins og sjá má á vatnsrásum ofan og neðan við núverandi veg. Huglægt mat er að hér séu **lítil** áhrif af ofanflóðum.

Veglína 708: stöð 2100-4400

Sama á við hér, þ.e. að ofanflóðahætta sé líklega lítil. Hér eru þó sömu lækirnir og við núverandi veg, sem geta vaxið töluvert í vatnavöxtum. Huglægt mat er að hér séu **lítil** áhrif af ofanflóðum.



Mynd 3.2: Vatnsrásir neðan við núverandi veg. Mynd HBJ.

3.3 Kafli 3

Núverandi vegur: stöð 4600-5900

Á þessum kafla er ekki sjáanleg ofanflóðahætta ef frá er talin mögulegir vatnavextir í Búðará, en hér er lítill halli og vatnasvið lítið. Huglægt mat er að hér séu **lítil** áhrif af ofanflóðum.

Veglína 708: stöð 4400-5900

Sama má segja um væntanlega veglínu 708, þ.e. ekki sjáanleg ofanflóðahætta ef frá er talin mögulegir vatnavextir í Búðará. Huglægt mat er að hér séu **lítil** áhrif af ofanflóðum.



Mynd 3.3: Horft eftir núverandi vegi til baka upp Kúvíkurdalinn. Hægra megin á myndinni sést í Búðará. Mynd HBJ.

3.4 Kafli 4

Núverandi vegur: stöð 5900-8200

Hér liggur vegurinn um Langahjalla og eru þar nokkrar líkur á lítilsháttar grjóthruni, sem og smáspýjum í vatnavöxtum. Hér hafa verið leiddar líkur á að hafi það hafi fallið skriða í júlí 1967 (Kúvíkurkleif), þó ekki sé hægt að staðfesta það með óyggjandi hætti. Að Langahjalla frátöldum er ekki mikil ofanflóðahætta.

Huglægt mat er að hér séu **meðal** áhrif af ofanflóðum.



Mynd 3.4: Horft eftir núverandi vegi í átt að Langahjalla. Mynd HBJ.

Veglína 708: stöð 5900-8500

Til að byrja með er veglína 708 utan ofanflóðahættu, en eftir að farið er niður í fjöru og framhjá Kleifarás, fer veglínan um Forvaðahlíð í klettum og gróinni skriðu. Reikna má með að hér geti skapast óstöðugleiki, auk þess sem fallið geti grjót úr klettum. Hér getur skipt máli hvernig veglínan er endanlega hönnuð.

Huglægt mat er að hér séu **meðal** áhrif af ofanflóðum.



Mynd 3.5: Landslag Forvaðahlíðar þar sem veglína 708 fer um. Mynd HBJ.

3.5 Kafli 5

Núverandi vegur: stöð 8200-9700

Á þessum kafla eykst smám saman bratti hlíðarinnar ofan vegar og virðast líkur á skriðum aukast nokkuð, sérstaklega í lok kaflans.

Nokkur lausmassi er í hlíðinni milli stöðva 8500-9200, en samkvæmt upplýsingum frá VÍ er ekki vitað um hreyfingu í þeim lausmassa, þó ekki sé hægt að útiloka að hreyfingin mælist illa ef hún er til norðvesturs (Jón Kristinn Helgason 2019). Þó þarna hafi legið vegur um lausmassan í rúma hálfu öld, þá er ekki hægt að útiloka að hann geti farið af stað, sérstaklega ef breytingar verða á vatnsstreymi um hann, þ.e. í miklum vatnavöxtum eða ef ræsi stíflast.



Mynd 3.6: Landslag neðan við Djúpavíkurhjalla. Mynd HBJ.

Frá stöð um 8900-9700 eru ummerki um skriður og grjóthrun neðan við Djúpavíkurhjalla. Ofanflóð eru þó ekki algeng að mati Jóns Harðar Elfssonar (2020), enda er skriðan víða gróin að sjá. Það er samt ofanflóðahætta úr þessari hlíð, sérstaklega í vatnavöxtum.

Huglægt mat er að hér séu **mikil** áhrif af ofanflóðum.

Veglína 708: stöð 8500-10100

Um veglínu þessa gildir að mestu það sama og við núverandi veg og því vísað til þess texta. Eini munurinn liggur í því að þessi veglína verður fjær hlíðinni frá stöð 8500-9600, en það ætti að draga úr ofanflóðahættu. Huglægt mat er að hér séu **meðal** áhrif af ofanflóðum.

3.6 Kafli 6

Núverandi vegur: stöð 9700-11800

Ekki er ofanflóðahætta á þessum kafla við núverandi veg, nema lítilsháttar steinkast úr Kjósarhöfða. Huglægt mat er að hér séu **lítil** áhrif af ofanflóðum.

Veglína 708: stöð 10100-11800

Hér er veglínan enn undir Djúpavíkurhalla til að byrja með og þar má búast við skriðum að stöð 10200, en þá sveigir veglínan frá hlíðinni.

Hlíðarmegin við stöð 10300-10500 er urðarbingur frá lokum síðasta kuldaskaiðs ísaldar. Ólíklegt er að það komi ofanflóð tengd urðarbingnum nema vegurinn verði lagður um sjálfan binginn og skapi þannig óstöðugleika.

Huglægt mat er að hér séu **lítil** áhrif af ofanflóðum.



Mynd 3.7: Djúpavík, urðarbingur sést til hægri á myndinni. Mynd HBJ.

4 NIÐURSTAÐA

Í heildina séð er ekki mikill munur á áhrifum ofanflóða á núverandi veg og veglínu 708. Í töflunni hér að neðan (tafla 2.2) má sjá samantekt á þessu huglæga mati á áhrifum ofanflóða á mismunandi köflum núverandi vegs og veglínu 708, þ.e. lítil, meðal eða mikil áhrif.

Tafla 2.2. Mat á áhrifum ofanflóða á veglínur

	Kafli 1	Kafli 2	Kafli 3	Kafli 4	Kafli 5	Kafli 6	Allir kaflar
Áhrif á núverandi veg	Meðal	Lítil	Lítil	Meðal	Mikil	Lítil	Meðal
Áhrif á veglínu 708	Lítil	Lítil	Lítil	Meðal	Meðal	Meðal	Lítil/meðal

Helsti munur á núverandi vegi og veglínu 708 er sá að hin síðari liggur yfirleitt neðar og því fjarri hluta af þeim hlíðum þar sem ofanflóð eru líkleg. Sem dæmi eru það Steinahlíð, og Langihjalli. Á móti kemur að veglína 708 fer um Forvaðahlíð, sem er að vísu ekki há, en nokkuð brött og með klettabeltum þar sem grjóthrun geta orðið.

5 HEIMILDIR

Fréttablaðið 2006. Frétt þann 21. janúar 2006.

Halldór Jónsson, Hólmavík 2020. Munnlegar upplýsingar í september 2020.

Jón Hörður Elíasson, Drangsnæs 2020. Munnlegar upplýsingar í september 2020.


Morgunblaðið 1988. Frétt þann 31. ágúst 1988.

Tíminn 1988. Frétt þann 2. september 1988.

Veðurstofa Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands 2019. Gögn um Ofanflóð á Ströndum, fengin hjá Tómasi Jóhannessyni í desember 2019.

Visir 1967. Frétt þann 10. júlí 1967.

6 VIÐAUKAR



Reykjarfjörður
Kafli 5

Kafli 6

Djúpvík

Kjósarhöfði

Djúpvíkurhjalli

Forvaðahlíð

Kafli 4

Kúvíkur

Langihjalli

Kafli 3

Veidileysuháls

Kafli 2

Veidileysa

Kafli 1

Veidileysufj

Steinahlíð

Kjósará

Bæjará

Djúpvíkura

Kleifará

Þúðará

Kraka

6.2. Úrklippur fréttar af skriðuföllum

Stórrigning um helgina og vegaskemmdir

— 2 skriður féllu í Árneshreppi á Ströndum

Um helgina rigndi víða um land. Mest rigndi á Horni, 87 mm, þá á Ströndum, eða alls 71 mm, aðfaranótt sunnudagsins og laugardag. Olli rigningin miklum skriðuföllum á tveim stöðum í Árneshreppi, nyrzta hreppnum á Ströndum. Féllu skriðurnar á veginn við Veiðileysiskleif og Kúvíkurkleif í stórrigningunni aðfaranótt sunnudagsins, en þá mældist

rigningin 64 mm þar um slóðir. Á laugardag hafði vegurinn verið opnaður til umferðar eftir að lokið hafði verið við að hreinsa hann af skriðuföllum, sem þá voru nýafstaðin.

Í morgun, þegar blaðið hafði tal af Vegamálastofunni var ennþá ófært á þessum slóðum. Smáskemmdir urðu á vegum annars staðar vegna rigninganna, en verið var að koma þeim vegum í lag í morgun.

Í Reykjavík mældist rigningin á laugardag 15 mm, en aðfaranótt sunnudagsins 7 mm eða 22 mm þann sólarhring.

Í Stykkishólmi mældist rigningin 17 mm sama sólarhring. Kemur í ljós af þessum tölum, að rigningin var með meira móti fyrir Suður- og Vesturland.

Aðfaranótt sunnudagsins

mældist rigningin 21 mm á Siglunesi, 27 mm á Raufarhöfn og 15 mm á Akureyri, sem er óvenjumikið þar um slóðir á þessum árstíma.

Sum skipanna tvíhlóðu

Sildaraflinn var góður síðasta sólarhringinn 120 til 250 mílur NA af Jan Mayen, en þar er nú mikið sildarmagn dreift um stórt svæði. Sum skipanna tvíhlóðu í gær og í nótt og lönduðu afla sínum í flutningaskipið Sildina, sem hélt með fullfermi af miðunum áleiðis til Reykjavíkur í nótt.

Sildartökuskip ríkisverksmiðjanna, Haförninn, var hins vegar væntanl. á miðin í dag. Siglingin af miðunum til lands tekur allt að því þrjú sólarhringa og taka því flutningaskipin ærinn snúning af skipunum.

Afli bátanna í nótt var 5.758 tonn hjá 24 skipum og á laugardag fengu 8 skip samtals 821 lest.

Kustfjörðum

Flotinn hefur haldið sig þar norður í Íshafinu að undanförunu og aflinn hefur verið mjög góður þar á köflum og nú um helgina tvíhlóðu sum skipanna, en sildartökuskip eru nú á miðunum og taka megnið af afla bátanna.

Vísir 10. júlí 1967

Strandavegur er illa farinn vegna aur- og grjótskriða

Misjafnlega gengur að gera við vegi sem skemmdust í illviðrinu síðastliðinn sunnudag. Fjöldi grjót- og aurskriða féll á Strandaveg norðan Bjarnarfjarðar og óvíst var að viðgerð lyki í gær.

Enn rigndi á Ströndum í gær og að sögn Magnúsar Guðmundssonar vegaverkstjóra virtust aurskriður koma undan hverjum einasta smálæk á vegarkafli úr Bjarnarfirði norður undir Kaldbakshorn. Vegurinn hafði sums staðar farið í sundur

þar sem ræsi höfðu stíflast eða yfirfyllst. Þá höfðu grjótskriður víða lokað veginum og var stórra skriðu til dæmis rutt af veginum við Kaldbakshorn á mánudag.

Að sögn Magnúsar voru sextán skriður ruddar á fyrsta 15 til 20 km kaflanum í fyrradag. Gerði hann ráð fyrir að greiðar myndi ganga frá Kaldbaksvík í Reykjarfjörð. Þó hefðu margar skriður fallið á Strandaveg yfir Veiðileysuháls.

Gert var við veg til Mjóafjarðar og í Dalsmynni í Fnjóskadal á mánudag.

Morgunblaðið 31. ágúst 1988

Vatnavextirnir á Norður- og Norðvesturlandi:

Strandavegur skemmdist á tæplega 40 km kafla

Vegir á Norður- og Norðvesturlandi eru víða stórskemmdir eftir miklar úrkomur fyrr í vikunni, einkum eru skemmdir á Strandavegi, Siglufjarðarvegi svo og á Lágheiði og í Ólafsfjardarmúla. Starfsmenn Vegagerðarinnar og verktakar hafa unnið við viðgerðir á þessum vegum, að undanskildum Ólafsfjardarmúla, sem ekkert verður átt við fyrr en úrkomu linnir og skriðuföll hætta. Samgönguráðherra segir að strax og kostur er, verði lagt kapp á að koma

veginum fyrir Múlann aftur í gagníð. Þórður Kristjánsson hjá vegaeftirliti Vegagerðar ríkisins sagði í samtali við Tímann að undanskildum Múlanum hefðu mestu vegaskemmdir orðið á Strandavegi, frá Bjarnarfirði til Norðurfjarðar. Þar hefðu orðið miklar skemmdir á vegum sem nú væri verið að lagfæra, má þessu svæði í fjóra hluta. Í fyrsta lagi er það 20 km kafla frá Ásmundarstöðum í Bjarnarfirði, í Kaldbaksvík. Þar urðu vega-

skemmdir aðallega vegna úrrennslis, stíflun ræsa og skriðufalla vítt og breitt á þessum kafla. Í öðru lagi 10 km kafla úr botni Veidileysufjarðar yfir í Djúpuvík, þar sem helstu vegaskemmdir voru vegna úrrennslis, auk þess sem þrjú ræsi eru ónýtt og tvær til þrjár skriður féllu á veginum. Í þriðja lagi urðu vegaskemmdir á norðurbrún á Veidileysuhálsi, þar sem vegurinn fór í sundur á um 50 metra kafla. Í fjórða og síðasta lagi þá urðu skemmdir á

veginum á um 7 km kafla úr Reykja-fjarðarbotni, út undir Naustvík, sem er út með Reykjafirði. Þar voru það einkum skriður sem lokuðu ræsum og fóru auk þess yfir veginn. Á sýsluvegum eins og t.d. í Ingólfssfirði fór vegurinn í sundur og brúin úr sambandi. Búið er að gera veginn færan til Djúpuvíkur.

Á Siglufjarðarvegi fór ræsi í Hraundal með þeim afleiðingum að stærri bílar gátu ekki farið um veginn nema að mjög takmörkuðu leyti.

Vegurinn um Lágheiði er einnig illa farinn eftir vatnavextina í vikunni, en reynt hefur verið að halda honum opnum til að landleiðin til Ólafsfjarðar sé fær.

Aðspurður hvað þessar viðgerðir kostuðu, sagði Þórður að erfitt væri að segja til um það að svo komnu máli, auk þess sem slíkar upplýsingar kæmu ekki inn á borð til hans.

-ABÓ

Tíminn 2. september 1988 – sjá nánar á næstu síðu

Vegir á Norður- og Norðvesturlandi eru víða stórskemmdir eftir miklar úrkomur fyrr í vikunni, einkum eru skemmdir á Strandavegi, Siglufjarðarvegi svo og á Lágheiði og í Ólafsfjardarmúla. Starfsmenn Vegagerðarinnar og verktakar hafa unnið við viðgerðir á þessum vegum, að undanskildum Ólafsfjardarmúla, sem ekkert verður átt við fyrr en úrkomu linnir og skriðuföll hætta. Samgönguráðherra segir að strax og kostur er, verði lagt kapp á að koma

veginum fyrir Múlann aftur í gagníð.

Þórður Kristjánsson hjá vegaeftirliti Vegagerðar ríkisins sagði í samtali við Tímann að undanskildum Múlanum hefðu mestu vegaskemmdir orðið á Strandavegi, frá Bjarnarfirði til Norðurfjarðar. Þar hefðu orðið miklar skemmdir á vegum sem nú væri verið að lagfæra, má þessu svæði í fjóra hluta. Í fyrsta lagi er það 20 km kafla frá Ásmundarstöðum í Bjarnarfirði, í Kaldbaksvík. Þar urðu vega-

skemmdir aðallega vegna úrrennslis, stíflun ræsa og skriðufalla vítt og breitt á þessum kafla. Í öðru lagi 10 km kafla úr botni Veidileysufjarðar yfir í Djúpuvík, þar sem helstu vegaskemmdir voru vegna úrrennslis, auk þess sem þrjú ræsi eru ónýtt og tvær til þrjár skriður féllu á veginum. Í þriðja lagi urðu vegaskemmdir á norðurbrún á Veidileysuhálsi, þar sem vegurinn fór í sundur á um 50 metra kafla. Í fjórða og síðasta lagi þá urðu skemmdir á

Tíminn 2. september 1988

veginum á um 7 km kafla úr Reykja-fjarðarbotni, út undir Naustvík, sem er út með Reykjafirði. Þar voru það einkum skriður sem lokuðu ræsum og fóru auk þess yfir veginn. Á sýsluvegum eins og t.d. í Ingólfssfirði fór vegurinn í sundur og brúin úr sambandi. Búið er að gera veginn færan til Djúpuvíkur.

Á Siglufjarðarvegi fór ræsi í Hraundal með þeim afleiðingum að stærri bílar gátu ekki farið um veginn nema að mjög takmörkuðu leyti.

Vegurinn um Lágheiði er einnig illa farinn eftir vatnavextina í vikunni, en reynt hefur verið að halda honum opnum til að landleiðin til Ólafsfjarðar sé fær.

Aðspurður hvað þessar viðgerðir kostuðu, sagði Þórður að erfitt væri að segja til um það að svo komnu máli, auk þess sem slíkar upplýsingar kæmu ekki inn á borð til hans.

-ABÓ

Tíminn 2. september 1988